


Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að öryggisúttekt verði gerð í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík, 30. október 2019
USK2019060043
4.4

Skóla- og frístundaráð

**Öryggisúttekt á leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum.
Tilvísun í mál SFS2019050116.**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. maí 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að öryggisúttekt verði gerð í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar."

Svar:

Unnið er að gerð útboðsgagna vegna úttektar á húsnæði allra grunn- og leikskóla, frístundaheimila, frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva. Úttektin innifelur alla þætti fasteigna er varða loftgæði, öryggismál og almennt ástand fasteigna. Reiknað er með að útboðið fari fram í lok nóvember nk.

Stefnt er að því að úttektum verði lokið í byrjun júní 2020 og að niðurstaða úttektar verði notuð til grundvallar viðhaldsáætlunar árið 2021.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 14. maí 2019:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að athugað verði hvort að mygla finnist í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

SKJALAVER HÖFDATORGI	
01. Nóv. 2019	
Málsnr.:	SFS 2019050117
Bréfalykill	2.6.1

Reykjavík, 30. október 2019
USK2019060042
7.28

Skóla- og frístundaráð

Athugun á myglu í húsnæði skóla- og frístundastarfs. Tilvísun í mál SFS2019050117.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. maí 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að athugað verði hvort að mygla finnist í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar."

Svar:

Unnið er að gerð útboðsgagna vegna úttektar á húsnæði allra grunn- og leikskóla, frístundaheimila, frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva. Úttektin innifelur alla þætti fasteigna er varða loftgæði, öryggismál og almennt ástand fasteigna. Reiknað er með að útboðið fari fram í lok nóvember nk.

Stefnt er að því að úttektum verði lokið í byrjun júní 2020 og að niðurstaða úttektar verði notuð til grundvallar viðhaldsáætlunar árið 2021.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Breytingatillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata við tillögur skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á öryggi og loftgæðum:

Skóla- og frístundaráð fagnar því að ráðist verði í allsherjar úttekt á ástandi húsnæðis í öllum leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar m.a. með tilliti til loftgæða, öryggis og almenns ástands viðkomandi fasteigna.